

birta

út um allan heim

DANNY POLLOCK

» Utangarðsmaður í
grasrótinni

TÍSKA

» Dragtirnar
ganga aftur

» *Heiða í Nikita*

*Hannar föt
á heimsmarkað*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
31. mars - 6. apríl

L' O R



Þú kaupir tvær vörur úr Body Expertise
línunni frá L'Oréal og færð tvo
PERFECTSLIM plástra í kaupauka.*



- * Andvirði 606 krónur
- ** Prófað á 50 konum í 2 vikur
- *** Mælt með þ.t.g. tækjum á 24 konum
- **** Prófað á 50 konum

É

A

L

PARIS

Ekki láta appelsínuhúðina sigra þig!

Raunhæfur árangur hjá 85%**

PERFECTSLIM

MINNI APPELSÍNUHÚÐ + STINNANDI ÁHRIF

- PERFECTSLIM inniheldur niðurbrjótandi efni gegn fitu og vinnur gegn appelsínuhúð sem safnast hefur fyrir á lærum og rassi.
- Bætt með Par-Elastyl™ sem sléttir og stinnir húðina stig af stigi.

Árangur: Eftir 8 daga: 41% þéttari og 89% stinnari***
Eftir 15 daga: 1 cm minna ummál á lærum****

...því þú átt það skilið!

L'ORÉAL
PARIS

NÝ FORMÚLA
NÆTURGEL



BODY-EXPERTISE



NUTRILIFT

Rakagefandi og stinnandi húðmjólk fyrir venjulega og þurra húð



PERFECTSLIM GEL

Dag- og næturgel sem stinnir og sléttir húð. Vinnur á appelsínuhúð.



PERFECTSLIM PLÁSTUR

Plástur sem stinnir og sléttir húð. Vinnur á appelsínuhúð.



SCULPTUP


Þéttir og stinnir húð. Gott eftir barnsburð.



EXFOTONIC

Skrúbbar, sléttar og hreinsar burt dauðar húðfrumur.

Efni og verkfæri til bókbanda



Úrval efnis og áhaldna fyrir
handbókband:

- leður, shirtingur, rexín
- pappír í kápur og saurblöð
- lím
- verkfæri

Verið velkomin.

Verslun opin virka daga 8:30-16:30

hvítlist

LEÐURVÖRUVESLUN
Krókhálsi 3 569-1900

Allt til leðurvinnu



Allt til smíði, viðhalds og viðgerða
reiðtygja:

- leður, verkfæri
- ólar, sylgjur og koparhnoð
- feiti, olía og litur
- taumaefni

Verið velkomin.

Verslun opin virka daga 8:30-16:30

hvítlist

LEÐURVÖRUVESLUN
Krókhálsi 3 569-1900



Þetta helst

- 7 Aprílabb
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Bryndísar Höllu
- 12 Stúdentaleikhúsið fer í Víking

Viðtöl

- 14 Heiða í Nikita
Hannar fót fyrir heimsmarkað
- 18 Danni Pollock
Utangarðsmaður í grasrótinni

Hann hún

- 24 Girnilegar tortillur
- 30 Jakkaföt fyrir konur
- 32 Ertu símaffíkill?
- 34 Emilía Örlygsdóttir elur upp
- 36 Gæðastundir með börnunum
- 40 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 42 Grænmeti gegn öldrun
- 46 Hlaup eða ganga
- 48 Að spotta stressið og blása það burt

Í hverju blaði

- 50 Krossgáta
- 53 Sjónvarpsdagskrá næstu viku

Fermingargjafir

fyrir poppara, rappara og rokkara...

Kassagítarar
frá 10.900 kr.

Trommuset
frá 36.500 kr.

Gítarmagnarar
frá 9.900 kr.

Rafmagnsgítarar
frá 15.900 kr.

Hljómborð
frá 23.900 kr.

Mbox með Pro Tools
frá 41.500 kr.

**HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ**

Á þeytingi yfir þröskuldinn

Dagurinn á morgun er dagur hrekkjalómanna, nefnilega hinn kyngimagnaði 1. apríl. Í raun má taka svo djúpt í árinna að sumir grallrar hafi beðið eftir þessum degi í heilt ár. Einhverjir ætla nú loksins að láta verða af snilldarbragði sem þeir höfðu hugsað upp á fyrir ári síðan en ekki komið í framkvæmd. Menn mega þó ekki gleyma tilgangi apríl-gabbsins. Markmiðið á nefnilega að vera að koma einhverjum yfir þröskuld. Því er ekki nóg að ljúga einhvern fullan af hvíttri lygi og fá hann til þess að væla í sætinu sínu. Nei, viðkomandi þarf að gabba upp úr skónum senda hann yfir þröskuld. Besta dæmið um gott apríl-gabb er að sjálfsögðu þegar fólk flyktist að Ölfúsárbrúnni til að sjá skip ganga þar upp. Gott grín er samt sem áður alltaf gott grín, alveg sama hvaða dagur er. Að stríða vinum og félögum svolítið á þessum annálaða degi gefur gríninu hins vegar aukið vægi. Hrekkjalómar hafa því einn dag til undirbúnings og er nokkuð ljóst að margir fætur eiga eftir að hlauða apríl yfir þröskuldinn á morgun. Hrekkjusvínur er þó bent á sýna smá aðgát og passa að grínið fari ekki yfir strikið.



Texti: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON Mynd: HEIDA

| heitt & kalt |

Heitt

DRAUMALANDIÐ
Vekur vonandi marga til umhugsunar

SÚPUR
Hollar, góðar og seðja hungrið.

Hvögt

IDOLIÐ
Vinsældirnar hafa verið að dala en Idolið á þó alltaf sína traustu aðdáendur.

Hvorki heitt né kalt

VIÐHORF DANA TIL ÍSLENDINGA
Hvað höfum við eiginlega gert þessum Dönnum annað en að flytja til þeirra skipsfarma af landa- og flugfarma af ferðamönnum?

Við stofuhita

UMRÆÐAN UM VARNARLIÐIÐ
Varnarliðið er að fara og ekki múkk um það meir.

Ískalt

matur í drykkjarlátum »

Fullt glas af mat

Allnokkur ár eru síðan fyrst var farið að bera fram litla millirétti, súpur og sömuleiðis eftirrætti í kaffibollum. Um svipað leyti fór líka að sjást matur í fallegum glösum sem alla jafna væru fremur ætluð til þess að drekka úr. Nú kveður orðið svo rammt að þessu að varla sést orðið súkkulaðimús framborin í öðru en kaffibolla, hvort heldur á veitingastöðum eða á matarmyndum í blöðum. Sömuleiðis eru litlir forréttir og smáréttir iðulega frambornir í litlum glösum enda í anda þeirrar stefnu að leggja meira upp úr gæðum en magni.



Sigmar » Bergmann Marteins

Ef hægt sé að segja að einhver einn sjónvarpsmaður sé áberandi á Íslandi í dag þá verður það teljast vera Sigmar Guðmundsson. Frægðarferill Sigmars hófst á útvarpsstöðinni X-inu hér forðum daga þar sem hann var þekktastur fyrir að semja dónalega og skondna topp 10-lista. Fyrir nokkrum árum birtist þessi ungi maður hins vegar í Kastljósi Ríkissjónvarpsins þar sem hann vakti fljótt athygli fyrir vasklega framgöngu. Í byrjun þessa árs tók Sigmar síðan stöðu sjálfs Loga Bergmanns sem spyrill í ástsælustu spurningarkeppni landsins, Gettu betur. Og síðast bárust svo fregnir af því að Sigmar myndi leysa Gísla Marteina af hólmi sem þulur á Júrúvísjón. Fólk hlýtur að spyrja sig hvað sé næst. Tekur hann við af Páli Magnússyni? Eða endurvekur hann Nýjstu tækni og vísindi?



upplestrarfrí » Lestrarstressið framundan

Meðan vinnumáurar landsins bíða spennir eftir komandi páskafrí er annar hópur sem stynur þungt yfir komandi lestrarfrí sem fellur á sama tíma. Námsmenn um víðan völlu lita á dagatalið og taka andköf þegar ljóst er hversu stutt er í prófatörn.



Þá er hlaupið til, reynt að komast yfir leslista og námsbækur, og í miklum hamagangi er rennt hröðum augum yfir spakmæli og fræðikenningar og beðið til almættisins að minnið grípi nokkrar staðreyndir til að muna. Meðan sumir nýta páskana til að fara á skíði og troða sig út af brauðertum í fermingarveislum lokar vesalings námsfólkið sig inni á bókasafni og þaðan mun það út skríða um miðjan maí.

spennumyndir »

Tvær í tókum

Eftir að spennusögu-brjálæðið heltók íslenska bókaorma hlaut að koma að því að farið færi sig yfir á hvíta tjaldið. Í upphafi lá að sjálfsgöðu beinast við að kvikmynda bók eftir sjálfan spennusögukonunginn, Arnald Indriðason. Baltasar



Kormákur var búinn að tryggja sér kvikmyndaréttinn fyrir löngu síðan en tókur hófst þó bara fyrir stuttu. Fyrir í vetur sýndi sjónvarpið ágæta spennusjónvarpsþætti, Allir litir hafsins eru kaldir. Einnig er nú í vinnslu önnur spennumynd, Köld slóð, eftir Björn Brynjólf Björnsson og bíða margir spennir eftir að sjá afkrasturinn. Nokkuð langt er síðan síðasti alvöru íslenski reyfarinn leit dagsins ljós. Margar íslenskar spennumyndir hafa fengið slæma umsögn en vonandi verða nýju spennumyndirnar frábærar þannig að þjóðin taki þeim jafnvel og öllum spennubókunum.



Erum við ekki öll komin af *baunum*?



Íslendingar kjósa Merrild!



brennslan mín ...
Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari

Besta frá öllum tímabilum

Bryndís Halla Gylfadóttir, sellóleikari, fékk það verðuga verkefni að setja saman brennslu fyrir Birtu þessa viku. „Ég þurfti svoltið að fara aftur til fortíðar og finna eitthvað frá öllum tímabilum,“ segir Bryndís. Síðustu misseri segist Bryndís Halla hafa langmest hlustað á klassíska tónlist. „Ef ég ætla hins vegar ekki að hlusta á klassíska tónlist þá kys ég helst djass,“ en Bryndís segist hafa hlustað mikið á djass eftir að hafa búíð í Boston um nokkurt skeið. Við nánari athugun kemur þó í ljós að Bryndís hefur lúmskt meira gaman af rokki en hún vildi meina í upphafi. „Dóttir mín hlustar mikið á rokk og þannig heyrir ég það líka óbeint,“ segir Bryndís Halla að lokum og viðurkennir því að rokkið sé góð tilbreyting þó að hún hafi vissulega hlustað meira á þannig tegund tónlistar á sínum yngri árum.

TRACK 1	Walton - Sellókonert með Gregor Piatgorsky. Var að átta mig á því að þetta er virkilega flott verk. Alveg sérstakur stíll.
TRACK 2	Beethoven - Píanósónata op 110 með Barenboim. Þetta er ótrúlega fallegt verk og djúpt. Ætli það sé ekki bara mannbætandi að hlusta á það.
TRACK 3	Ernst Bloch Schelomo - Zara Nelsova og London Philharmonic. Þetta er eitt af klassísku verkunum í sellórepertoírinu. Þetta er gyðingatónlist, alveg frábært verk fullt af angist og fleiri tilfinningum...
TRACK 4	Ligeti - Requiem. Þetta var spilað í 2001 Space Odyssey og er stemningstónlist, fær mann til að hugleiða tilveruna og fyllast hálfgerðri hræðslu við þetta allt...
TRACK 5	Prokofieff - Romeo og Julia. Frábært verk, vel skrifað fyrir hljómsveit, ekki síst strengina....
TRACK 6	Stravinsky - Vorblótið. Hvað á maður að segja um eitt helsta meistaraverk allra tíma?
TRACK 7	Mariza - Primavera. Ég fór á tónleika hennar hér heima og finnst hún ótrúleg, þetta er tónlist sem er gott að hlusta á í melankólískum köstum. Fá ekki allir svoleiðis?
TRACK 8	Astor Piazzola og Gary Burton - Milonga is Coming. Ég elska Piazzola (þótt ég hafi reyndar heyrt frá áreiðanlegum heimildum að hann hafi verið hálfgerður leiðindapúki).
TRACK 9	Led Zeppelin - Black Dog. Má ekki leyfa unglíngnum að ráða einu lagi? Ég nefnilega elskaði þetta þegar ég var 16 ára...
TRACK 10	Art Blakey and the Jazz Messengers - Moanin´. Það eru svo flott sólóin í þessu lagi. Algert stuðlag.

» birta mælir með...

...PLÖTUNNI POCKET REVOLUTION MEÐ DEUS Hin stórmerkilega belgíska hljómsveit, dEUS, sendi frá sér þessa áhugaverða plötu í fyrra eftir nokkuð langt hlé. Er óhætt að segja að sveitin haldi ennþá hinum háa gæðastimpli sem hún fékk með sinni fyrstu plötu árið 1994. Lagið Stop-Start Nature á einstaklega vel við hér á landi. Kaupið ykkur plötuna og drífið ykkur svo á tónleika á Nasa í næstu viku. Þið eigið ekki eftir að sjá eftir því.



... VEITINGASTÆÐNUM AMERICAN STYLE. Skemmtilegt er að borða skyndibita af venjulegum diskum en ekki úr frauðplastlátum. Þá eru þeir með fínt tilboð alla daga milli 13 og 18 þar sem hægt er að fá hamburgaramáltíð á góðu verði. Ekki sakar frí áfylling af gosi og frábær hamburgarasósa sem er gul og fersk. Kjúklingasalatið er einnig gott með fetasta, brauðteningum og bragðgóðri sósu. Góður staður fyrir fjölskydudólk sem er þreytt á umbúðafylleriu.



... BANANASPRENGJUM Banasprengjur, eða bombur ef einhverjir vilja frekar kalla þær það, eru skemmtilega sætt nammi. Þær eru afar bragðgóðar og minna á gömlu góðu súkkulaðibananana eins og hægt er að fá í Kolaportinu og víðar. Öðruvísi en samt afar klassískt góðmeti hér á ferð.



Bakki á grjónapúða

NÝTT

Hver kannast ekki við að sitja við sjónvarpið með matardisk sem dansar á lærunum með þeim afleiðingum að maturinn subbast út um allt. Ekki mjög huggulegt svo vægt sé til orða tekið. Bakki á grjónapúða leysir þessi vandamál snilldarvel. Hann er stöðugur á lærunum og ótrúlega þægilegur þó að mikið sé á hann lagt. Bakkinn hentar ekki bara fyrir matardiska. Gott getur verið að leggja kjöltutölvu á hann og sömuleiðis er hentugt að hafa hann til taks þegar gripið er í handavinnu. Þrýðisgripur þessi fæst í Debenhams og kostar 2.490 krónur.



2006frjáls

VOR HJÁ DEBENHAMS



Sundfatnaðurinn á myndinni er væntanlegur.

SUNDFÖT

ÞÚ ERT VOR OG ÁTT STEFNUMÓT VIÐ STÍLHREINAR LÍNUR OG FLOTTA LITI. SUNÐ- OG STRANDFATALÍNAN, FYRIR KONUNA, KARLINN OG BÖRNIN, ER NÚ GLÆSILEGRI EN NOKKRU SINNI. KOMDU Í DEBENHAMS OG VERTU SUNDFÆR OG FLOTT/UR Í FRÍINU.

Í DEBENHAMS FINNURÐU MIKIÐ ÚRVAL AF FATNAÐI OG GJAFAVÖRU Á VERÐI SEM KEMUR ÞÉR Í GOTT SKAP.



DEBENHAMS

SMÁRALIND



STÚDENTALEIKHÚSIÐ LEGGST Í VÍKING

» Víkingur Kristjánsson, leikari, leikstjóri og Vesturportari, hefur undanfarið ferðast um heiminn og sýnt menningarþyrstum útlendingum íslenskar útgáfur af Rómeó & Júlíu og Woyzeck. Nú vinnur hann hins vegar að því að laða fram það besta úr leikaraesku landsins.

Texti: TRYGGVI GUNNARSSON
Myndir: VILHELM GUNNARSSON

HVAÐ ERTU AÐ GERA NÚNA?

Ég er að leikstýra Stúdentaleikhúsinu.

HVAÐ KOM TIL AÐ ÞÚ SETTIST AFTUR Í LEIKSTJÓRASTÓLINN?

Ég var ekki búinn að leikstýra lengi og var farinn að fá löngun til að gera það aftur. Í nóvember fékk ég svo símtal frá stjórn Stúdentaleikhússins þar sem mér var boðið að leikstýra. Þetta var eiginlega eins og guðs gjöf en ég hafði unnið með þeim áður og fundist það svakalega skemmtilegt. Þess vegna var ekkert annað í stöðunni en að slá til.

HVAÐ ER STÚDENTALEIKHÚSIÐ?

Stúdentaleikhúsið er leikhús sem starfar undir verndarvæng Háskóla Íslands. Þar er að finna mikið af hæfileikaríku ungu fólki en leikhúsið er opið öllum þeim sem lokið hafa stúdentsprófi. Það skiptir engu máli hvort maður er í háskólanum eða ekki en samt sem áður eru flestir meðlimirnir þaðan. Allir eru í sjálfböðavinnu og mæta út af áhuganum einum saman en þarna hafa spennandi hlutir verið að gerast síðastliðin ár og ég vona að svo verði áfram.

HVAÐA VERK ER VERIÐ AÐ SETJA UPP NÚNA?

Verkið heiti Anímanína og er búið til af hópnum og mér. Ég fór af stað með ákveðna hugmynd og við lögðumst í heilmikla sköpunarvinnu. Hópurinn er búinn að vera mjög kreatífur og það munar um að hafa 30 manna her til að ná fram því sem ég vil á sviðinu. Útkoman er svona kraumandi pottréttur fullur af kraftmiklum hráefnum. Oft stefnir í að sjóði upp úr og gerir það jafnvel en

hvort og hvernig verður bara að koma í ljós. Við sýnum í Loftkastalanum og frumsýning verður 5. apríl svo ég er farinn að hlakka mikið til.

NAFNID ANÍMANÍNA, HVADAN ER ÞAÐ KOMIÐ?

Anímanína er orð á bullmáli sem notað er í hluta verksins. Eftir mikla leit og miklar umræður duttum við niður á þetta en okkur finnst það mjög viðeigandi fyrir sýninguna. Þetta er kannski ekki söluvænlegasta nafnið en við njótum þeirra forréttinda í Stúdentaleikhúsinu að þurfa ekki að hugsa um að selja, bara leika.

HVAR VERÐUR ÞÚ Í SUMAR?

Ég er að fara á flakk aftur með Vesturporti. Í júní förum við til Þýskalands með Rómeó & Júlíu og ég hlakka mjög til þess. Sérstaklega þar sem heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu verður á sama tíma. Í júlí förum við svo aftur til London að sýna Woyzeck og hugsanlega förum við til Kaupmannahafnar og jafnvel Póllands. Ætli ég verði þess vegna ekki með annan fótinn hér í sumar og hinn á flakki einhvers staðar annars staðar.

AF HVERJU ERT ÞÚ EINI VESTURPORTARINN SEM EKKI STUNDAR LOFTFIMLEIKA?

Því ég er svo þungur og aumur að það tekur of langan tíma fyrir leikstjóra og leikara að bíða eftir því að ég komist í gott form. Aftur á móti er ég svolítið sniðugur strákur svo ég hef fengið að sprella og leika mér í staðinn. Ég er miklu betri í því og reyndar legg ég ýmislegt á mig til að losna við fimleikana.

Tilboðsdagar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

-ferð til fjár

Dagana **29 mars til 19 apríl** njóta farþegar sem mæta í innritun fyrir **klukkan 6.00** að morgni sértilboða í verslunum flugstöðvarinnar.



Farþegum sem mæta á einkabílum fyrir klukkan 6.00 að morgni býðst að geyma bílinn **frítt í tvo sólarhringa** á langtímabílastæði Securitas.

Við minnum farþega á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því fólk til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.



20% afsláttur af Galerie kertastjökum frá Menu



25% afsláttur af gjafakassa sem inniheldur pressukönnu, nýbrennt kaffi og súkkulaði. Verð nú: 2090 kr.



15% afsláttur af veitingum



15% afsláttur af snyrtivörum



15% afsláttur af Tomas Sabo vörum



20% afsláttur af Kappa og And1 vörum og
15% afsláttur af Teva skóm



Allir sem koma í Landsbankann í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og kaupa gjaldreyri fá skemmtilega litabók með Sprota og félögum fyrir börnin



20% afsláttur af Lost in Iceland bolum



30% afsláttur af flugfreyjutösku (50 cm á hjólum)
Verð nú: 3490 kr.



FRÍTT FYRIR PIG! Þegar þú pantar þér ný gleraugu fylgir frítt þar af sólglerjum með þínum fjarstyrkleika



15% afsláttur af Burberry töskum og Sand dömufatnaði



Ef þú kaupir BLUE LAGOON mineral moisturizing krem (200ml) eða BLUE LAGOON mineral intensive krem (200ml) eða BLUE LAGOON algae and mineral body lotion (200ml) þá færðu BLUE LAGOON algae and mineral sturtugel (200 ml) **að gjöf**

Athugið að innritun hefst kl. 5.00



ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



» Nikita er íslenskt vörumerki sem margir þekkja. Færri vita að hönnun fyrirtækisins er nú seld í yfir eitt þúsund verslunum í þrjátíu löndum. Hjónin Aðalheiður Birgisdóttir, eða Heiða eins og hún er kölluð, og Rúnar Ómarsson eru aðaleigendur Nikita ásamt Valdimari Kr. Hannessyni, félagi þeirra. Heiða er yfirhönnuður Nikita vörumerkisins ásamt því að vera stjórnarformaður fyrirtækisins.

HANNAR FÖT FYRIR HEIMSMARKAÐ

Hugmyndin að Nikita kom upp þegar þríeykið átti brettaverslanirnar Týnda hlekkin og Krím í Reykjavík. „Við vorum að flytja inn fullt af vörum, bæði bretti og fatnað og sáum þá að það var gat á markaðinum fyrir eitthvað eins og Nikita, svona lífsstílsfatnað fyrir stelpur sem væru í sportinu,“ segir Heiða.

Rúnar og Valdimar höfðu verið í innflutningi frá árinu 1991 og Heiða slóst í hópinn árið 1995. „Ég kom inn í fyrirtækið og lífsstíllinn sem fylgdi því þegar við Rúnar byrjuðum saman,“ segir Heiða en hún hafði þá verið að hanna og sauma sinn eigin fatnað í einhvern tíma og var búin að fá inni í góðum skóla í London þar sem ætlunin var að læra fatahönnun. „Ég var búin að safna fyrir náminu en hætti við að fara og fjárfesti í bretta- og fatabúð í staðinn. Eftir það varð mín fatahönnun eðlilega innblásin af lífsstílnum. Ég prófaði fyrst að gera einhverjar flíkur sem voru aðallega hettu-flíspeysur sem voru hugsaðar þannig að þú gætir notað þær uppi í fjalli innan undir jakkanum og svo gætirðu komið í bæinn og farið á kaffihús eða í bíó en samt ekki verið eins og útivistarfrík til fara.“

Til að byrja með var hönnun Heiðu aðeins seld í þeirra eigin verslunum. „Ég saumaði og seldi mínar eigin vörur í búðunum okkar árið 1997 en 1998 fór ég að láta framleiða fyrir mig hér heima. Árið 1999 hafði veltan í búðunum aukist mikið, meðal annars með tilkomu fatnaðarins sem ég hannaði og við vorum farin að kalla Nikita. Ég var auðvitað að fíla það mjög vel að það sem ég hannaði var að seljast betur og jafnvel á hærra verði en mörg mjög góð vörumerki sem við vorum að flytja inn.“

Þar sem Heiða og félagar voru að flytja inn og selja vörur á Íslandi fóru þau reglulega til annarra landa á vörusýningar. Þar

gátu þau valið úr fjölda vörumerkja í öllum flokkum fyrir stráka en áberandi var hvað lítið var til af fatnaði fyrir stelpur. „Einhvern tímann vorum við svo uppi á Esjunni og eitthvert okkar horfði yfir borgina og sagði við hina að það væri ekkert vit í að vera að flytja inn vörur á þetta svæði, það væri betra að vera með núll komma þrjú prósent markaðshlutdeild í heiminum en þrjátíu prósent á Íslandi.“

Í framhaldi af þessum samræðum fór af stað ferli sem hefur gert Nikita að því sem það er í dag. „Hugmyndin var að hætta að flytja inn öll þessi vörumerki á þennan litla markað sem Ísland er, en setja frekar fókusinn á að byggja upp eigin vörulínu og vörumerki og flytja út til annarra landa. Það hlýti að vera einhver þörf fyrir fatalínu fyrir stelpur í öllum verslunum erlendis sem voru sambærilegar okkar búðum í Reykjavík. Mér fannst þetta auðvitað tilvalið þar sem ég gat ekki hugsað mér neitt betra en að starfa við að hanna fötin sem mig langaði sjálfa í.“

ÚR INNFLUTNINGI Í ÚTFLUTNING

Árið 1999 seldu þau verslanirnar til að einbeita sér algjörlega að Nikita. „Við ákváðum að stíga skrefið bara til fulls og vorum orðin sannfærð um að það sem við vorum að gera hérna heima ætti erindi erlendis. Við þekktum innviði okkar bransa vel og höfðum unnið með helstu vörumerkjunum sem heildsali og verslun á Íslandi. Við þekktum líka allar leiðir til markaðssetningar í bransanum og hönnunin hafði þegar fengið mjög jákvæðar viðtökur. Valdimar var á þessum tíma fluttur til Hamborgar í Þýskalandi sem var kjörinn staður fyrir Evrópuskrifstofu, stelpur voru að koma miklu sterkara inn í brettalífisstíllinn og fót sem tengdust þessum lífsstíl orðin almennur neysluvarningur hjá heilli kynslóð. Við sáum eintómar ástæður til að fara úr innflutningi í útflutning og

Það eina sem við höfðum ekki voru þeir tugir milljóna sem kostar að koma svona apparati í gang. Við seldum því hlut í félaginu til fjárfesta strax í byrjun til þess að komast af stað. Við fórum svo beint út í almennilega markaðssetningu, vorum með heilsíðuauglýsingar í stærstu alþjóðlegu blöðunum sem fjalla um brett og tengdan lífstíl, vorum með bása á réttum stað á réttu vörusýningunum, gerðum vandaða bæklinga og vefsíðu og ýmis markaðstól til að auðvelda búðum að stilla fram okkar vörum svo eitthvað sé talið. Ef maður ætlar af stað á annað borð er þá annaðhvort að gera það almennilega eða bara sleppa því," segir Heiða.

HANNAR MEST SJÁLF

Heiða sér ennþá sjálf um megnið af hönnuninni, en hún segir að hönnunin sé bara ein deild í fyrirtækinu og hinar séu ekki síður mikilvægar. „Það er mjög mikið að gera hjá öllum í fyrirtækinu og það er margt sem þarf að gerast frá því að vörurnar eru hannaðar þangað til að þær enda í búðunum. Margir halda að allir sem vinna hjá okkur séu hönnuðir en við erum bara fimm sem vinnum á hönnunar- og vörubrúnaðarsviði, hinir nítján eru í sölu og markaðsmálum, flutningum, fjármálum, og ýmsu öðru. Svo skarast þessi svið víða, grafíski hönnuðurinn okkar vinnur til dæmis bæði í útliti á vörunum með mér og markaðsefnninu í kringum þær með öðrum.“ Hönnunin á mjög vel við Heiðu. „Mér finnst gaman að sjá teikningu sem ég geri verða að áþreifanlegum veruleika í flík sem bæði mig og einhverja aðra langar í. Sumir hafa þörf fyrir að skapa tónlist eða myndir en ég hef þörf fyrir að skapa föt. Hönnunarferlið er nokkurn veginn þannig að ég byrja á því að skissa og handteikna flíkur, oftast með ákveðin efni og liti í huga og ef flíkin kemst í vörulínuna set ég hönnunina á tölvutækt form og kem henni yfir í vörubrúnaðardeild sem útfærir allar upplýsingar og kemur þeim áleiðis til framleiðenda.“

Heiða hannar tvær nýjar línur á ári fyrir Nikita. „Við erum með vor/sumar-línu og haust/vetrar-línu. Hver lína er í kringum 150 mismunandi vörur sem eru allt frá úlpum, kápum, jökkum, buxum, pílsum, og kjólum yfir í toppa, nærföt, húfur og tösukur í mörgum stærðum og litum. „Margir hérna heima halda að við séum bara með hettupeysur, flíspeysur og jakka en það er af því að verslanirnar hér heima hafa svoltið einblínt á það. Við erum með svo margt annað sem gengur mjög vel í öðrum löndum eins og kjóla, pils og gallabuxur en það er svo sem ekkert úrslitaatriði fyrir fyrirtækið fjárhagslega enda Ísland ekki nema um fimm prósent af heildarsöluinni.“

Eftir að búíð er að hanna línuna eru vörurnar sýndar um allan heim með tilheyrandi sýningum, myndatökum, bæklingum og fundum. Í framhaldi af því taka dreifingaraðilar við pöntunum frá verslunum í hverju landi fyrir sig marga mánuði fram í tímann og vörurnar eru svo framleiddar eftir þessum fyrirfráttunum og afhentar til verslana á þegar það á við. „Núna erum við búin að vera með sýningar á línunni fyrir



„Mér finnst gaman að sjá teikningu sem ég geri verða að áþreifanlegum veruleika í flík sem bæði mig og einhverja aðra langar í. Sumir hafa þörf fyrir að skapa tónlist eða myndir en ég hef þörf fyrir að skapa föt.“

veturinn 2006-2007 og erum að taka við pöntunum frá verslunum og dreifingaraðilum. Framleiðslan fer svo fram í vor og afhendingar í lok sumars. Allt þarf þetta að ganga smurt fyrir sig í tiltölulega þröngum tímaramma svo tímablönd standist.“

VÖRURNAR FRAMLEIDDAR VÍÐA

Heiða segir að eitt af því erfiðasta við koma svona fyrirtæki af stað sé að finna framleiðanda sem sé tilbúinn að taka við litlum pöntunum á byrjunarstigi. „Í byrjun vorum við bara að vinna með einum framleiðanda

sem framleiddi alla vörulínu okkar og það var þægilegt að því leyti að við vorum með litlar pantanir og í raun ekkert sem var til skiptanna fyrir marga framleiðendur. Við þurftum því að vinna með einhverjum sem var tilbúinn að taka áhættu með okkur. Nú koma framleiðendur hins vegar til okkar í röðum til þess að fá að vinna með okkur svo þetta hefur alveg snúist við, en það er búíð að taka nokkur ár að komast í þá stöðu.

Í dag eru Nikitavörurnar framleiddar víða um heim. „Framleiðslan fer að mestu leyti fram í Asíu og að stærstum hluta í Kína en við framleidum síðan gallabuxur í Túnis og prjónavörur í Argentínu. Eftir því sem línan stækkar og þróast og þeim fleiri vöruflokka sem við erum með því fleiri framleiðendur þurfum við.“

MIKID AÐ GERAST HJÁ NIKITA

Mest af starfsemi Nikita fer fram á skrifstofum fyrirtækisins í Reykjavík, í Hamborg í Þýskalandi og á nýrri skrifstofu í San Francisco í Bandaríkjunum. Auk þess er fyrirtækið með skrifstofu á suð-vesturströnd Frakklands, mekka brimbrettabransans í Evrópu en það voru einmitt samtök fyrirtækja á þeim markaði sem tilnefndu Nikita nýlega sem Vörumerki ársins, annað árið í röð. Önnur tilnefnd fyrirtæki eru til dæmis Billabong, O'neill og Volcom og það er gaman að sjá að ungt íslenskt fyrirtæki er að gera það góða hluti að það er komið í hóp með erlendum stórfyrirtækjum enda er Heiða ánægð með tilnefninguna. „Það er vissulega gaman að fá klapp á bakið, sérstaklega frá kollegunum í bransanum sjálfum. Það staðfestir að við séum á réttri leið og hvetur okkur til frekari dáða.“

Það er mikið að gerast hjá Nikita því næsta haust kemur ný lína af snjóþreppafatnaði í verslanir um allan heim og einnig er verið að vinna í þróun á fatnaði fyrir stráka undir öðru nafni. Heiða og Rúnar eru bjartsýn á framhaldið en þrátt fyrir að vera farin að framleiða fatnað fyrir heimsmarkað og þurfa að ferðast mikið vegna vinnunnar hafa þau ekki hugsað sér að yfirgefa Ísland. „Við eigum fjölskyldu hér og ef við byggjum annars staðar þá myndum við þurfa að ferðast hingað til að hitta hana ásamt því að ferðast annað vegna vinnu, þannig að við myndum þurfa að ferðast alveg jafn mikið eða meira. Ísland er fint „base-camp“. Aðalskrifstofan okkar er hér og þótt mikið af starfsemi fyrirtækisins fari fram erlendis þá held ég að við eigum alltaf eftir að vera með höfuðstöðvarnar hérna heima. Best er samt að fullyrða ekkert um það en hvar sem við verðum fer ég hins vegar fram á að hafa aðstöðu með útsýni yfir bæði fjöll og sjó“ segir Heiða.

500
krónur

48 DVD

Leigðu mynd!

- og þú þarft aldrei að skila henni

Nú getur þú leigt þér kvikmynd um leið og þú tekur bensín eða kaupir í matinn og horft á hana hvenær sem þér hentar.

48DVD diskinn er hægt að spila í 48 tíma eftir að sýning hefst. Eftir það er leigutími myndarinnar útrunninn og diskurinn ónýtur.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

1011
...þegar þér hentar

olis



» Þótt það sé eðli grasrótar að finna sér stöðugt nýja staði til að spíra og breiða út boðskap sinn verður það að teljast óvenjulegt að einn helsta gróskustað ungra íslenskra tónlistarmanna sé að finna meðal beitiskúra, fiskvinnsluhúsa og segla-gerða. Sé keyrt út á Granda vestur í Reykjavík má heyra trumbuslátt, gítarplokk og ung raddbönd þenja sig og mitt í öllum skarkalanum Utangarðsmanninn Danni Pollock hrópa skipanir og hrósyrdi.

Utangarðsmaður til hjálpar grasrótinni

Tónlistarþróunarmiðstöðin að Hólmaslóð 2, eða Tónþró, hýsir nú marga af efnilegustu tónlistarmönnum landsins en þar skipta 40 hljómsveitir með sér 1.200 fermetrum. „Hugmyndin að baki Tónþró er að búa til stað þar sem tónlistarmenn geta unnið að tónlist sinni, skipst á skoðunum og stutt við bakið hver á öðrum,“ segir Danni. „Það fæðast svo margar góðar hugmyndir sem ekki er komið í verk vegna aðstöðu- og stuðningsleysis og þetta viljum við koma í veg fyrir. Í öllum þeim aragrúa ungra tónlistamanna sem fyrir sér reyna eru demantar sem aldrei uppgötvast vegna þess að nágranninn kvartaði og hljómsveitin hætti.“

Það er mikill fengur í Tónlistarþróunarmiðstöðinni fyrir íslenskt tónlistarlíf. Æfingahúsnæði hefur hingað til verið af skornum skammti og ber eftirspurnin eftir plássí því glöggt vitni. Hljómsveitir hafa vanist því að stíga sín fyrstu spor í bílskúrum, gömlum útihúsum og hvar sem enga kvartandi nágranna er að finna. „Þegar við Utangarðsmenn byrjuðum æfðum við í þrjár vikur í bílskúr á Reynimelnum. Okkur var á endanum hent út og við fengum hvergi leigt eftir það,“ segir Danni. „Svo þegar við komum saman aftur árið 2000 fengum við iðnaðarhúsnæði en strax á fyrsta degi kom lögreglan tvisvar sinnum vegna þess að kvartaði var undan hávaða.“



Danni Pollock mundar gítarinn í einu af æfingaherbergjunum.

Opinber stuðningur við starf Tónþró hefur hingað til verið af skornum skammti og hefur Danni komið að lokuðum dyrum víðast hvar. Þetta gæti þó breyst en nú liggur fyrir borgarstjórn tillaga þess efnis að styrkja starfið um 3,2 milljónir á næstu þremur árum. Það er höfðinglegt af borginni en betur má ef duga skal.

Nú stendur til að fjölga æfingaherbergjum og koma fleirum að því biðlistinn er langur. Áætlað er að breyta húsnæði sem Stúdentaleikhúsið hafði áður til umráða þannig að það nýttist sem æfingasvæði og baksvið fyrir Hellinn, tónleikasal Tónlistar-

þróunarmiðstöðvarinnar. Þar fóru fram um 100 tónleikar og viðburðir á síðasta ári og stefnir í annað eins á þessu ári.

Meðal þess sem er í gangi núna í Hellinum er rokk.is, en aðstandendur þess hafa í huga að taka upp alla tónleika á þeirra vegum og gefa út heimildamynd um ungt íslenskt tónlistarfólk. Einnig standa nokkur ungmenni í Menntaskólanum í Hamrahlíð fyrir annarri tónleikaröð, Young ‚n‘ Fresh, sem vert er að fylgjast með.

Þeim sem vilja vita meira um starfsemi Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar er bent á síðuna www.tonaslod.is.

Dinn tími er kominn!



EFLIR almarnatengi / HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

Páskatilboð 40% afsláttur af 6 mánaða og árskortum

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Notalegt andrúmsloft og fjölbreyttir tímar í boði í opna kerfinu.

Pallar, púll, sveifla, lóð, JSB tímar, teygjutímar, einkaþjálfun, yoga

Vertu velkomin í okkar hóp!

JSB í 40 ár!
Opnum stærri og glæsilegri Dansrækt JSB
19. ágúst

40 ár



Hafðu samband!

www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732



KRISTALIA
- ný lina

h e i m a



full búð af nýrri gjafavöru



opið: virka daga 10-18, laugardaga 11-16



h e i m a
húsgagnaverslun

bláu húsunum við faxafen - 108 reykjavík - 568 4242 - heima@heima.is

Fallegar nýjar yfirhafnir!



Comanys - Part Two
Kr. 29.990

Kynning



Það er fögnunarefni að bráðum má fólk fara að leggja úlpunum sínum og fara að klæðast einhverju léttara og fínna. Nú er tími kominn til að kíkja á góða jakka og kápur svona fyrir vorið og hlýnandi daga sem framundan eru. Leðrið heldur sínu sessi í ár og eru jakkar núna stuttir og aðsniðnir og oftar en ekki með meðfylgjandi belti. Mikið er einnig af fallegum síðum kápum sem gott er að eiga í sumar.



Gallabuxnabúðin
Kr. 14.900



NEXT
Kr. 5.990



Benetton / Sisley
Kr. 9.595 - til í svörtu & hvítu





NEXT
Kr. 11.490



Companys - Soaked in
Luxury
Kr. 11.990



NEXT
Kr. 3.290



Companys - In Wear
Kr. 20.990



Companys - In Wear
Kr. 10.990



NEXT
Kr. 12.690



Tortillur

Umsjón Halla Bára Gestsdóttir Myndir Gunnar Sverrisson
Ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs



Mexíkóskar pönnukökur, tortillur, eru til ýmissa hluta nytsamlegar. Það er hægt að gera ótal margt úr þeim, sérlega fljótlegt, heitt og kalt. Til að stinga í ofn eða grilla úti. Borða heima eða hafa í páskanestið.


PÖNNUKAKA MED BEIKONFYLLINGU

Uppskrift sem er reglulega notuð heima hjá mér, alltaf jafn góð enda fengin hjá úrvals kokki í upphafi. En eins og með allar uppskriftir má breyta henni eftir hentugleikum. Samsetningin er góð og einfaldlega um að ræða fæðu sem ekki bregst.

- 3 tortillur
- olía eða hvítlauksolía
- rifinn ostur
- ferskt salat
- 8 beikonsneiðar
- 5 góðar skinkusneiðar
- 3 msk sýrður rjómi
- 1 kúfuð msk af dijon-sinnepi eða kornsinnepi

Smyrjið pönnukökurnar með olíu og á eina kökuna er rifnum osti stráð yfir. Bakið við 200 gráður þar til kökurnar eru örlítið gylltar og osturinn bráðinn. Brúnið beikonið á pönnu og skerið í bita. Hrærið smá olíu og jafnvel balsamedik saman við salatið. Leggið salat á aðra olíusmurðu kökuna. Dreifið úr beikonbitum yfir salatið og leggið ostakökuna yfir með ostinn upp. Leggið skinkusneiðar á ostakökuna, smyrjið með sýrða rjómanum sem er hrærður upp með sinnepinu, dreifið salati yfir og leggið síðustu kökuna ofan á. Þrýstið aðeins á kökuna og skerið í sneiðar.





FLON/SIA F1016792



*Páskaegginn
sem
elska allir*

S
NÓI SÍRÍUS



TILBOÐ 1

Matsaman

Thailenskur kjötréttur með kjúklingakjöti og grænmeti. Steikt í matsman karrý og salthnetusósu.

Kínverksar núðlur að hætti Mekong
Eggjanúðlur með kjúklingi og grænmeti.

Paneng

Thailenskur kjötréttur með nautakjöti og grænmeti. Steikt í panengkarrý og kókomassa.

Djúpsteiktar rækjur
með súrsætri sósu.

Verð á mann kr. 1.245.-
Fyrir tvo kr. 2.490.-

Hæfilegur skammtur af hrísgrjónum og Góu Hraun fylgir.

TILBOÐ 2

Geng Sheo Van

Thailenskur kjötréttur með grísakjöti. Steikt í grænu karrý (sterkt)

Kao Pad Ped

Sterk chilli kryddað hrísgrjón með svínakjöti eða kjúkling og grænmeti.

Tom Ka

Thailenskur kjúklingaréttur með grænmeti og kókos. (sterkt)

Pas Siú

Hrísnúðlur með grænmeti.

Verð á mann kr. 1.245.-
Fyrir tvo kr. 2.490.-

Hæfilegur skammtur af hrísgrjónum og Góu Hraun fylgir.

FYRIR BÖRNIN

Hamburgari

með frónskum, sósu og gosi.

Verð kr. 550.-

FRÍ HEIMSENDING EF PANTAÐ ER FYRIR MEIRA EN KR. 2000,-

Tilboð eru eingöngu afgreidd fyrir tvo eða fleiri.

FÁÐU MATINN HEIM AÐ DYRUM

564 6111



MEKONG

thailensk matstofa



GRILLAÐAR TORTILLUR MED SALSASÓSU OG OSTI

Einfaldara verður það ekki. Þessum tortillum er hægt að skella í ofn en þær eru líka ljúffengar á grillið. Þá er vert að benda á, að best er að grilla þær á álpappír svo osturinn fari ekki út um alle!

2 tortillur
salsasósa
rifinn ostur

Smyrjið aðra kökuna með salsasósu. Dreifið rifnum osti yfir og setjið hina kökuna ofan á. Setjið í 200 gráða heitan ofn þar til osturinn er bráðinn og kökurnar gylltar.

TORTILLUAFNINGUR MED SALAMI OG GRILLAÐRI PAPRIKU

Fullkomið í nestið en annars holl og góð máltíð.

Í einn vafning:

1 tortilla
grilluð paprika, frá Sacla
salamisneiðar
paprikumauk
rifinn ostur
salat
baunaspísur

Smyrjið tortilluna með paprikumaukinu. Dreifið úr osti yfir

kökuna. Leggið salamisneiðar yfir, þá grillaða papriku. Dreifið úr salatinu og baunaspírunum. Vefjið upp.

TORTILLUAFNINGUR MED SKINKU OG KIRSUBERJATÓMÖTUM

Í einn vafning:

1 tortilla
sætir kirsuberjatómatar, frá Sacla, skornir niður
sólþurrkaðir tómatar, skornir í strimla
salat
grænt pestó
góð skinka eða hráskinka
parmesanostur



Smyrjið tortilluna með pestói. Leggið skinku yfir, sólþurrkaða tómatu og kirsuberjatómata. Dreifið úr salatinu. Stráið parmesanosti yfir, saltið og piprið eftir smekk.



Drekktu það í þig ...

... nýtt bragð til að teygja eins og þig lystir, áhyggjulaust.

Eina vítamínbætta kolsýrða vatnið sem inniheldur ekkert kolvetni og engar kaloríur. Bara frábærlega frískandi bragð frá náttúrulegum bragðefnum úr lime ávextinum.

toppur[®]
Veldu betra bragð



TOPPUR[®] LIME

MEÐ VÍTAMÍNUM
0 kaloríur · 0 kolvetni

metasys®

ÞYNGDARSTJÓRNUN – ORKA – ÚTHALD

Miklu meira en þyngdartap

Seint í haust var ég að spjalla við vinkonu mína sem oftast þegar hún sagðist hafa keypt eitthvað efni úti í apóteki, sem auka á brennslugetu líkamans. Ég stillti mig um að hnussa, því ég hef prófað flest þau efni sem mögulega gætu fækkað kílónum og ákvað fyrir allnokkru að hætta að eltast við svona efni og auglýsingafrat. Nokkrum vikum seinna var ég aftur að tala við hana þegar hún sagði mér að þetta efni sem hún hefði keypt, hefði þau áhrif á hana að hún væri orðin svo svakalega hress og að hún væri ekki frá því að þetta hefði dregið úr matarlöngun. Ég ákvað þá, fyrst að þarna var einhver sem ég þekkti að segja frá ánægju sinni, að prófa þetta, aðallega í þeim tilgangi að athuga hvort ég yrði minna þreytt en áður svo væri bara bónus ef ég missti nokkur kíló. Þetta efni heitir Metasys.

Ég byrjaði í desember 2005 að taka inn Metasys reglulega 2 hylki tvisvar á dag. Það ótrúlega gerðist nánast strax að ég varð miklu hressari og úthaldið allt annað. Ég hef átt við ýmis heilsufarsvandamál að stríða eins og gigtarsjúkdóma, háþrýsting, bjúgsöfnun og hjartsláttarónot og ekki skyldum við gleyma óþægindum sem fylgdu endalausum blóðsykursveiflum. Í dag er ég 12 kílóum léttari en ég var í desember. Þakka Metasys þennan árangur og er ég kona sem byggir á gríðarlegri reynslu af helstu hreinsi- og megrunarkúrum sem eru í tísku hverju sinni.

Önnur ánægjuleg breyting sem ég varð vör við, var að ég var mun hressari og þá sérstaklega á kvöldin. Ég er að eðlisfari mjög morgunhress en kvöldin voru skelfileg. Ég hékk kannski fyrir framan sjónvarpið og var eins og slytti, hálfsofandi og framtakslaus. Allt í einu tók ég eftir því að ég var farin að gera ýmislegt heima hjá mér á kvöldin, var glaðvakandi og alltaf eitthvað á fartinni. Í janúar einsetti ég mér að bæta mataræðið til hins betra sem í fyrsta skipti hefur reynst mér auðvelt þar sem



Mæðgurnar Sandra Fannarsdóttir og Helga Sigtryggsdóttir

Metasys dregur svo úr sætindalöngun og allt nart heyrir nú sögunni til. En það langbesta og frábærast við Metasys og það óvæntasta er að ég er svo til verkjalaus. Það er eitthvað sem ég hef ekki upplifað í mörg ár. Ég hef þjáðst mjög af liðverkjum, vegna gigtar- og vöðvverkja og þurft að taka inn margskonar lyf sem ekki hafa gagnast mér sem skyldi. Stundum hef ég verið svo illa haldin að mér hefði verið sama þótt einhver hefði tekið af mér handlegginn – ef ég losnaði bara við verkina í axlarliðnum. Ég hef margsinnis fengið sprautur í liðina, gúlpað í mig bólguþendi verkjalyfjum sem lítið hafa virkað. Sl. tvo mánuði hef ég ekki tekið inn verkjalyf vegna liðverkja og mér líður frábærlega.

Ég er handviss um að Metasys er ástæðan fyrir þessum jákvæðu breytingum sem ég sannreynði þegar ég fór um daginn til New York í viku. Gleymdi Metasys heima og á fjórða degi var ég farin að finna fyrir liðverkjum og hrundi í óhollustuna. Er komin aftur á beinu brautina með hjálp Metasys. Bjúgur, háþrýstingur og hjartsláttarónot heyra eining sögunni til.

Rúsínan í pylsuendanum er að fyrir áramót kom karlinn hennar mömmu til mín og spurði mig hvort ég héldi að eitthvað alvarlegt gæti verið að henni, hún svæfi út í eitt og væri varla komin heim þegar hún væri komin upp í til að leggja sig. Hún væri alltaf þreytt og dauf í dálkinn og óvanalega áhugalaus um heimilið. Ég keypti pakka af Metasys handa gömlu minni og breytingin er ólýsanleg. Hún hefur misst um 8 kg og víbrar af orku og löngu hætt að leggja sig. Mamma hefur aldrei lítið svona vel út og tel ég það vera vegna þess hversu lífsglöð og orkumikil hún er orðin. Það er því óhætt að segja að við mæðgur séum alsælur með Metasysið okkar og ætlum okkur að halda okkur við það.

Sandra Fannarsdóttir





100%
náttúrulegt

Langflestir sem hafa fjárfest í Metasys hafa gert það til þess að grennast en þó eru allmargir sem taka inn Metasys til að auka orkuúthaldið.

Auk þess hafa bæst í hópinn fjölmargir með ýmsa stoðverki og kvilla og fengið bót á. En hvað er Metasys?

Metasys er 100% náttúrulegt efni, öflugt grænt te í hylkjum. Það er unnið á einstakan hátt með svokallaðri vatns-meðhöndlun sem gerir það að verkum að verðmæt andoxunarefni og pólífenól glatast ekki í vinnslu. Hægt er að finna ótal greinar um jákvæð áhrif græns tes á alnetinu sem fjalla um góð áhrif tesins á m.a. hjarta og æðakerfi, hreinsunareiginleika (detox), ofnæmi og þyngdarstjórnun. Verið er að þýða nokkrar áhugaverðar greinar sem munu birtast á vefsíðunni www.metasys.is fljótlega.

Fjölmargir hafa fjárfest í Metasys og prófað það í 1 til 2 mánuði og ekki fengið þann árangur sem væntingar stóðu til. Við viljum ítreka að inntaka á Metasys miðast við þrjá mánuði svo hægt sé að meta árangur. Í flestum tilfellum hefst þyngdartapið ekki fyrir en eftir 4-6 vikur en þó eru margir sem byrja að missa kíló mun fyrir. Aðalatriðið er að gefast ekki upp því við erum ólík með misjafna efnaskiptaeiginleika. Matardagbók og ráðleggingar fylgja með hverjum skammti.



metasys[®]
áætlunin til að léttast

Frekari upplýsingar á www.metasys.is,
öllum fyrirspurnum svarað á metasys@simnet.is



Útsölustaðir eru:

Lyfja, Lyf & heilsa, Apótekarinn, Apótekið, sjálfstæð apótek um allt land, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Melabúðin, Yggdrasill, Maður lifandi, Lyfjaval, Lyfjaver, Blómaval, Heilsubúðin Njálsgötu, Heilsuhornið Akureyri, JSB dansrækt, Nordicaspa og Orkubarinn Sporthúsinu



JAKKAFÖT FYRIR KONUR

Langt er síðan buxnadrágtir voru eins áberandi og þær verða þetta vorið. Drágtirnar, sem eins má kalla jakkaföt, bera vott um sjálfstæði og virðuleika. Á tískusýningum vortískunnar var þó að finna ýmislegt annað en hefbundnar, svartar drágtir. Rochas hannaði þær lausar og pokalegar á meðan drágtir Balenciaga voru þröngar og aðsniðnar. Ralph Lauren og Tuleh hönnuðu hefbundnar og teinóttar drágtir sem henta konum í viðskiptum og Stefano Pilati frá YSL var greinilega undir spænskum áhrifum þegar hann gerði kven-smóking, með bolerojakkka og nautabanabuxum.

Nú er um að gera að gera að dusta rykið af gömlu drögtunum og ef einungis finnast í skápnum venjulegar, svartar drágtir þau er auðvelt að krydda þær með rauðri skyrtu eða skemmtilegu skarti.

TEXTI MARÍA ÞÓRA ÞORGEIRSDÓTTIR



voríð er komið

BeYu®

[bi:ju:]

munich · ibiza · new york


www.beYu.de
ISFLEX ehf





+ Þú færð BeYu í verslunum Lyfju:


Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Selfossi - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni
Stykkishólmi - Borgarnesi - Eskifirði - Egilsstöðum - Reyðarfirði - Seyðisfirði - Hornafirði - Ísafirði - Húsavík - Sauðárkróki - Blönduósi


Pú ert  **símafíkill** þegar ...


 ... símareikningurinn er orðinn hærrí en afborgunin af íbúðinni þinni.


 ... þú getur haldið þremur samtölum gangandi í einu á þremur mismunandi línum.


 ... þú hefur fengið nokkur væg raflost við að tala í símann í sturtu.


 ... þú getur sent villulaust smáskilaboð á meðan þú keyrir og meðan þú sefur.

 ... fólk fer yfir um af ötta við að eitt-hvað hræðilegt hljóti að hafa gerst þegar þú svarar ekki símanum.

 ... ef síminn þinn hringir ekki, þá tekur þú upp símann og hringir í einhver.

 ... þú ert innan við sekúndubrot að svara símanum þegar hann gefur frá sér hljóð, líka þegar hann bípir út af batteríslæsi.

 ... þegar reykskynjari fer í gang hleypur þú af stað til að svara símanum.

 ... á morgnana setur þú vekjaraklukkuna við eyrað og segir „halló“.



Appelsínugulur er æði

Aðallitur sumarsins er appelsínugulur. Appelsínugult borðskraut ryður sér til rúms í feringar- og brúðkaupsveislum. Appelsínugulir skór, töskur og fylgihlutir koma sterkir inn. Appelsínugulir bílar eru líka orðnir áberandi á götunum, hæfilega áberandi það er að segja. Appelsínugulur eru hressandi litur og appelsínugulur blómvöndur lífgar upp á heimilið. Appelsínur í skál eru líka heimilisþryði. Ekki spillir að þær eru meinholrar og hið besta nart til millimála. Allt sem er appelsínugult er semsagt málið.



10-30% AFSLÁTTUR AF FERMINGARRÚMUM OG FYLGIHLUTUM

Comfort Latex

FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ

NEVER TURN
Svæðaskipt heilsudýna



BOX SPRING
90 x 200 verð 15.900
120 x 200 verð 26.900

FIRST CLASS
120 x 200 verð 38.900
160 x 200 verð 49.900

COMFORT LATEX
120 x 200 verð 43.110
140 x 200 verð 52.110
160 x 200 verð 59.900

NEVER TURN
90 x 200 verð 35.910
100 x 200 verð 37.710
110 x 200 verð 41.310
120 x 200 verð 44.910
130 x 200 verð 51.210



MATRAFLEX Rafmagnsrúm

FERMINGARLEIKUR RÚMGOTT

Þrjú heppin feringarbörn sem fá nýtt rúm frá Rúmgott í mars og apríl, fá andvirði rúmsins í feringargjöf frá Rúmgott. Dregið verður 5. maí.



Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

20% kynningarafsláttur af nýjum rúmgerðum



Rafstillanleg rúm 120x200sm með svæðaskiptri pokafjaðradýnu.

Rétt verð kr. 118.000. Tilboðsverð kr. 94.400.-
(Einnig til í fleiri breiddum)



Hanson rúm með fjaðrandi rúmbotni, svæðaskiptri pokafjaðradýnu og lúxus yfirdýnu með hrosshárum.

120x200sm (án höfðagafls)
Verð kr. 110.600. Tilboðsverð kr. 88.480.-

(Einnig til í fleiri breiddum)



Opið: virka daga 11-18 • laugardaga 11-16. • Langholtiavegi 111,104 Rvk. • S. 568 7900

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Byltingarkennd uppþvottavél

Uppþvottavél í skúffu

DishDrawer uppþvottavélin frá Fisher&Paykel er einstök að allri gerð. Hægt er að velja um einnar- eða tveggja skúffu vélar. Hvor skúffa vinnur sjálfstætt og rúmar 7 manna matarstell. Þessar einstöku uppþvottavélar eru kjörnar á minni heimili jafnt sem stærri. Þær eru sparneytnar á vatn og rafmagn og þvottatíminn er stuttur. DishDrawer uppþvottavélin fæst í ryðfríu stáli, hvítu og til innbyggingar.


Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur DishDrawer uppþvottavélina í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Fisher&Paykel



EIRVÍK – hágæðaheimilistæki

Eirvík, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík, Sími 588 0200, www.eirvik.is



Emilfa Örlygisdóttir
elur upp

Uppeldið dregið til baka

Foreldrahlutverkinu fylgja margar skyldur og ein þeirra er að ala börnin almennilega upp. Börnin þurfa að læra ýmsa góða síði og oft er ekki nóg að segja þeim hlutina einu sinni til þess að þau náí þeim. En þó að það geti tekið tíma að kenna börnunum góða síði getur tekið ennþá lengri tíma að venja þau af þeim.

Sonur minn var ekki gamall þegar honum var kennt að segja afsakið þegar það ætti við. Til að byrja með vafðist það aðeins fyrir honum hvenær væri viðeigandi að afsaka sig svo hann gerði frekar meira af því en minna. Það kom fyrir að hann afsakaði hiksta í bak og fyrir en fljótlega náði hann tökum á þessu.

Þegar kurteisinn var orðinn honum eðlileg tók við tímabil þar sem hann velti því fyrir sér afhverju fullorðið fólk gleymdi svona oft að afsaka sig. Sem betur fer ákvað hann að halda sínu striki þrátt fyrir það og vera sjálfur kurteis óháð því hvernig aðrir væru.

Kurteisinni má þó ofgera eins og öllu öðru. Einhvern tímann var ég í sturtu þegar hann kom sérstaklega inn á baðherbergi til þess að segja afsakið því honum hafði orðið það á að ropa frammi í stofu. Í annað skipti beið hann í bílnum á meðan ég fór inn í búð og þegar ég kom til baka byrjaði hann á því að afsaka sig við mig því hann hafði ropað á meðan ég var inni í búðinni. Ég reyndi því að útskýra fyrir honum að hann þyrfti ekki að segja afsakið þegar enginn heyrði í honum en það hefur ekki gengið mjög vel að venja hann af kurteisinni. Núna er staðan sú að ef að hann ropar þegar ég er ekki nálægt kemur hann hlaupandi og segir: „Mamma, afsakið, ég ropaði. Æ, nei, fyrirgefðu, ég gleymdi að ég þarf ekki að segja afsakið.“ Ég held samt að þetta sé allt að koma og með tíma og þolinmæði tekst mér örugglega að venja hann af kurteisinni sem ég kenndi honum.

Dagbók barnsins

Börn eru alltaf að læra eitthvað nýtt og oft gera þau eða segja eitthvað sniðugt sem skemmtilegt getur verið að rifja upp seinna. Foreldrum hættir til að halda að þeir eigi eftir að muna öll skemmtileg atvik og afrek barna sinna en því miður er það sjaldnast svo. Þegar börnin verða eldri muna foreldrar oftast ekkert hvenær hvað gerðist og jafnvel ekki hvaða barn gerði hvað ef börnin eru mörg. Þess vegna getur verið gott að eiga dagbók fyrir hvert barn og skrifa samvisskusamlega í hana allt sem vert er að muna. Börn og foreldrar geta svo átt notalegar stundir við það að rifja upp fyrstu ár barnanna með aðstoð bókarinnar.



Leikið við börnin

Eitt af því skemmtilegasta sem börn vita er þegar foreldrar gefa sér tíma til þess að leika við þau. Foreldrar og börn geta gert margt saman og það er um að gera að leyfa hugmyndafluginu að ráða ferðinni.



1 Farið í feluleik. Sennilega er þetta einn elsti leikur í heimi en hann er samt alltaf jafn skemmtilegur.

2 Kubbið saman. Það er ótrúlega gaman að kubba og þeir foreldrar sem hafa gleymt því verða fljótir að rifja það upp.

3 Teiknið saman. Það getur verið mjög skemmtilegt að teikna mynd og búa til sögu um myndina í sameiningu.

4 Farið út að leika ykkur. Það er margt hægt að gera úti á sumrin og á veturna má búa til snjókarl eða renna sér á þotu.

5 Spilið saman. Börn hafa gaman af mörgum einföldum spilum. Það er

samt betra að leyfa þeim að vinna annað slagið því annars missa þau áhugann.

6 Hlustið á tónlist. Það getur verið mjög gaman að setja einhverja skemmtilega tónlist á og dansa og hoppa með börnunum auk þess sem það er góð hreyfing.

7 Búið til leikrit. Börnum finnst mjög gaman að klæða sig í gömul fót og það getur verið gaman að leika leikrit fyrir aðra í fjölskyldunni.

